



Priðjudaginn 29. nóvember 2011 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu sveitarfélagsins á Húnavöllum.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Sigurður Erlendsson, Sveinfríður Halldórsdóttir, Sonja Suska, Hallfríður Óladóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra
3. Erindi frá hreppsnefnd
4. Umræður um skólavog og skólapúls
5. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Bjarni Guðmundur Ragnarsson boðaði forföll.
Formaður setti fund kl. 20.30

2. Skýrsla skólastjóra.

Skólstjóri gerði grein fyrir skólastarfinu, sem gengið hefur vel. Unnið er að breytingum á Húninum vegna breyttrar skólanámskrár og endurskoðaðra markmiða skólans. Sveitarfélagið á eftir að marka sér skólastefnu en það er vinna sem hefja þarf sem fyrst. Samræmd próf voru í október. Niðurstöður þeirra voru yfir landsmeðaltali fyrir Húnavallaskóla. Síðustu tvær vikur hefur verið unnið að undirbúningi árshátíðar sem var mjög fjólsótt og tókst vel.

Eftir áramót þá fjölga börnum í leikskólanum og verða þau 14 fram á næsta vor. Fjölga þarf tímabundið í starfslíði skólans vegna þessa og gera ráð fyrir þremur stöðugildum þar. Rætt var um að rétt væri að fastsetja opnunartíma leikskóla yfir árið.

3. Erindi frá hreppsnefnd.

Erindið varðar bókun jafnréttisnefndar Húnavatnshrepps dags. 27. okt. 2011. Þar sem eftirfarandi er beint til skólayfirvalda:

- Að þau sjái til þess að námsefni mismuni ekki kynjum
- Að sjálfstyrking sé sjálfsagður hluti námsins á öllum skólastigum.
- Að skólinn leggi áherslu á að búa bæi kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs.
- Að skólinn geri átak í því að kynna nám í hefðbundnum karlagreinum fyrir stelpum og hefðbundnum kvennagreinum fyrir stráku.

Fræðslunefnd tekur undir sjónarmið jafnréttisnefndar og telur rétt að þessi mál séu höfð til hliðsjónar við gerð skólastefnu.

4. Umræður um skólavog og skólapúls.

Skólavogin er tæki til að meta gæði og hagkvæmni í rekstri skóla og sveitarfélaga

Kostir skólavogarinnar eru:

- Betri yfirsýn yfir rekstur og nýtingu fjármagns
- Aukin innsýn í skólabraginn
- Samanburður á eigin frammistöðu yfir tíma
- Viðhorfakannanir geta nýst við innra mat skóla
- Samanburður við önnur sveitarfélög
- Úthlutun fjármagns til skóla

Nýtist sveitarfélögum til að koma til móts við lögbundnar kröfur um mat og eftirlit með skólum.

Fræðslunefnd beinir því til hreppsnefndar Húnavatnshrepps að Húnavallaskóli verði þáttakandi í skólavoginni og skólapúlsinum.

5. Önnur mál.

Formaður fræðslunefndar lýsti ánægju sinni með með starfseminu í grunn- og leikskóla og þakkaði starfsfólkinu vel unnin störf.

Ákveðið var að hefja vinnu við skólastefnu Húnavatnshrepps í byrjun næsta árs.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 22.40